

# MÁLVARNARSJÓÐUR

## Lokadrög

### Breytingar á samþykktum

#### 7. tl. 1. mgr. 11. gr. samþykktu hljóði svo:

Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra til viðbótar skilyrtum rétt til greiðslu úr málsvarnarsjóði skv. 19. gr. og reglna málsvarnarsjóðs settum af hluthafafundi félagsins.

#### Ný 19. gr., en núverandi 19. gr. verður 20. gr. o.s.v.frv.:

Félagið skal setja á stofn málsvarnarsjóð í eigu þess með framlagi að fjárhæð kr. 100.000.000 (hundrað milljónir) á sérmerktan bankareikning.

Hlutverk málsvarnarsjóðs er að greiða, í samræmi við reglur sjóðsins, málsvarnarkostnað þeirra sem gegna eða hafa gengt störfum stjórnarmanna (þ.m.t. varamanna) eða starfsmanna (þ.m.t. framkvæmdastjóra) að tilteknu hámarki vegna mála sem beint er að framangreindum aðilum vegna starfa þeirra hjá félaginu. Möguleiki á greiðslu málsvarnarkostnaðar takmarkast þó ávallt við fjármuni málsvarnarsjóðsins.

Fjármunum málsvarnarsjóðs skal eingöngu varið til greiðslu málsvarnarkostnaðar samkvæmt þeim reglum sem um sjóðinn gilda og skal greiðsla framkvæmd þegar þar til bær aðili samkvæmt reglum sjóðsins hefur tekið um það ákvörðun. Fjármunir málsvarnarsjóðs skulu varðveittir í formi bankainnstæða eða traustra verðbréfa. Haldið skal sérstaklega utan um fjárhag sjóðsins í bókhaldi félagsins. Kostnað vegna umsýslu málsvarnarsjóðs s.s. vegna fjárfestinga greiðir félagið.

Í sérstökum reglum um málsvarnarsjóð skal nánar mælt fyrir um rétt til greiðslu málsvarnarkostnaðar, fjárhæðartakmarkanir á rétti til greiðslu málsvarnarkostnaðar, ferli við ákvörðun um greiðslu og skilyrði hennar, fjárfestingar fjármuna málsvarnarsjóðs og annað tengt starfrækslu sjóðsins. Reglur um málsvarnarsjóðinn skulu settar af hluthafafundi og gilda um samþykki og breytingar á þeim sömu reglur og um breytingar á samþykktum þessum.

## DRÖG - Reglur um málsvarnarsjóð

### 1. gr. Markmið

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (hér eftir „félagið“) starfrækir málsvarnarsjóð sem hefur það markmið að greiða málsvarnarkostnað stjórnarmanna (þ.m.t. varamanna) og starfsmanna (þ.m.t. framkvæmdastjóra) sem stofnast vegna mála sem beint er að þeim vegna starfa þeirra hjá félaginu samkvæmt nánari ákvæðum og takmörkunum í reglum þessum. Möguleiki á greiðslum úr málsvarnarsjóði takmarkast þó ávallt við fjármuni sjóðsins.

### 2. gr. Orðskýringar

Í reglum þessum hafa eftirfarandi hugtök þessa merkingu, nema annað sé tekið fram:

„Málsvarnarkostnaður“: Kostnaður vegna lögmannspóknunar eða útlagður kostnaður sem tilgreindur lögmaður stofnar til vegna málsvarnar máls, að teknu tilliti til ákvæða reglna þessara um takmarkanir slíkrar kostnaðargreiðslu. Málsvarnarkostnaður nær ekki til greiðslu bóta, viðurlaga eða greiðslu á þvingunarræðum s.s. dagsektum.

„Mál“: Rannsókn eftirlitsaðila eða lögreglu sem beinist að stjórnarmanni eða starfsmanni persónulega vegna starfa hans í þágu félagsins og getur lokið með viðurlögum eða þvingunarráðstöfunum, auk mála sem rekin eru gegn þessum aðilum persónulega fyrir dómstólum, gerðardómum eða öðrum úrskurðaraðilum vegna starfa þeirra í þágu félagsins. Engu breytir þó að mál sé rekið af félaginu eða rannsókn hefjist í framhaldi af tilkynningu þess.

„Málsvarnarsjóður“: Fjármunir sem greiddir eru sem framlög á bankareikning í eigu félagsins, sem sérmerktur er málsvarnarsjóðnum og andvirði traustra verðbréfa sem keypt eru fyrir andvirði framlaga til sjóðsins eða tekna af þeim, að frádregnum útgreiðslum vegna málsvarnarkostnaðar. Haldið skal sérstaklega utan um fjárhag sjóðsins í bókhaldi félagsins.

„Stjórnarmaður“: Einstaklingur sem situr eða hefur setið í stjórn félagsins, þ.m.t. varamaður.

„Starfsmaður“: Einstaklingur sem er eða hefur verið fastráðinn starfsmaður félagsins, þ.m.t. framkvæmdastjóri.

„Ákvörðunaraðili“: Einstaklingur sem hefur það hlutverk að taka á móti umsóknum um greiðslur, kanna hvort skilyrði séu fyrir greiðslu samkvæmt reglum þessum séu uppfyllt, taka ákvörðun um greiðslur úr sjóðnum og beinir fyrirmælum um greiðslu úr sjóðnum til framkvæmdastjóra félagsins.

### 3. gr. Réttur til greiðslu úr málsvarnarsjóði.

Stjórnarmaður eða starfsmaður á rétt til greiðslu málsvarnarkostnaðar úr málsvarnarsjóði, í samræmi við reglur þessar, vegna mála sem beint er að þeim vegna starfa þeirra í þágu félagsins svo fremi sem fjármunir málsvarnarsjóðs hrökkvi til, sbr. nánar ákvæði 5. gr. reglna þessara.

Stjórn félagsins skal sjá til þess að í ráðningarsamningi starfsmanna séu ákvæði um rétt til greiðslu úr málsvarnarsjóðnum samkvæmt ákvæðum reglna þessara.

Sérhver stjórnarmaður eða starfsmaður skal fá afrit af reglum þessum.

#### *4. gr. Umsýsla fjármuna og ákvörðunaraðili*

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á fjárhag sjóðsins og skal taka ákvarðanir um fjárfestingar á framlögum til sjóðsins og tekjum af þeim. Skal fjárfest í annað hvort bankainnstæðum eða traustum verðbréfum. Framkvæmdastjóri skal greiða úr málsvarnarsjóði samkvæmt fyrirmælum ákvörðunaraðila. Haldið skal sértaklega utan um fjárhag sjóðsins í reikningshaldi félagsins.

Ákvörðunaraðili málsvarnarsjóðs skal taka á móti umsóknum um greiðslur úr sjóðnum, kanna hvort skilyrði samkvæmt reglum þessum séu uppfyllt, taka ákvörðun um greiðslu úr sjóðnum og beina fyrirmælum til framkvæmdastjóra félagsins um að framkvæma greiðslu úr sjóðnum. Ákvörðunaraðili getur sett nánari almenn fyrirmæli um framkvæmd þessa s.s. um form umsókna og upplýsingagjöf í tengslum við þær.

Sá einstaklingur sem gegnir starfi sviðstjóra lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga (lögfræðingur sambandsins) skal vera ákvörðunaraðili málsvarnarsjóðs. Fari svo, að enginn starfi sem lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal innri endurskoðandi tilnefna lögmann til að fara með verkefni ákvörðunaraðila á meðan slíkt ástand varir. Félagið skal greiða kostnað sem hlýst af starfi hins tilnefnda lögmanns.

Komi til þess að umsækjandi um greiðslu málsvarnarkostnaðar sækir með atbeina dómstóla, stjórnvalda eða annarra úrskurðaraðila greiðslu úr málsvarnarsjóði, s.s. vegna þess að ákvörðunaraðili synjar ranglega umsókn eða félagið greiðir ekki málsvarnarkostnað í samræmi við ákvörðun ákvörðunaraðila, þá skal, í kjölfar endanlegrar niðurstöðu úrlausnaraðila þar sem fallist er á skyldu til greiðslu, félagið greiða þann kostnað sem viðkomandi aðili sýnir sannanlega fram á að hafa haft af því að sækja þennan rétt sinn að frádregnum tildæmdum málskostnaði.

#### *5. gr. Umsókn um málsvarnarkostnað, tímalengd réttar, takmörk fjárhæðar og endurkrafa*

Stjórnarmaður eða starfsmaður skal sækja um greiðslu úr málsvarnarsjóði til ákvörðunaraðila þegar mál beinist að honum sem kallar á málsvörn. Tilgreina skal lögmann sem fer með málsvörnina en ákvörðunaraðili ákveður hvort greitt skuli gegn framvísun reiknings eða lögmaður sendir reikning beint til ákvörðunaraðila. Afgreiða skal umsóknir í þeirri röð sem þær berast.

Af því gefnu að að fjármunir málsvarnarsjóðs hrökkvi til þá skal hámarksgreiðsla hvers stjórnarmanns eða starfsmanns vegna einstaks máls vera 5 milljónir króna, en þó skal aldrei greitt meira en 15 milljónir króna í heild vegna mála sem beinast að sama stjórnarmanni eða starfsmanni. Réttur til greiðslu samkvæmt framangreindu gildir á meðan stjórnarmaður og starfsmaður gegna slíkum störfum og í sjö almanaksár frá þeirri dagsetingu sem viðkomandi lætur af störfum. Framangreindar fjárhæðir skulu taka breytingum miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs og er grunnvísitala 439.

Þegar mögulegt er að fá málskostnað greiddan vegna trygginga viðkomandi einstaklings eða frá hinu opinbera, svo sem með gjafsókn, er stjórnarmanni eða starfsmanni skylt að láta reyna á þann rétt sinn, nema augljóst sé að slík skilyrði séu ekki uppfyllt. Verði stjórnarmanni eða starfsmanni dæmdar eða úrskurðaður málskostnaður vegna máls eða fær gjafsókn eða greiðslu úr persónulegri váttryggingu, þá skulu slíkar greiðslur renna til félagsins. Þetta á þó ekki við um

fjárhæðir samkvæmt framangreindu sem ákvarðaðar eru umfram þá fjárhæð sem viðkomandi einstaklingur fékk greiddar úr málsvarnarsjóði vegna viðkomandi máls. Heimilt er ákvörðunaraðila að skilyrða greiðslu úr málsvarnarsjóði við framangreint og að stjórnarmaður eða starfsmaður veiti nauðsynlegar upplýsingar s.s. um málskostnað, váttryggingu eða gjafsókn.

Greiðslur úr málsvarnarsjóði teljast til hlunninda vegna starfa í þágu félagsins og fer um skattgreiðslur eftir lögum hverju sinni.

#### *6. gr. Breytingar á reglum þessum og lyktir málsvarnarsjóðs*

Reglur þessar fela í sér skilyrt loforð um greiðslur samkvæmt ákvæðum þeirra um skilyrta þóknun vegna starfa í þágu félagsins. Reglunum má breyta á hluthafafundi félagsins á sama hátt og samþykktum. Séu breytingar íþyngjandi fyrir réttshafa, þ.á.m. að málsvarnarsjóður verði lagður niður, skulu þær ekki hafa áhrif á kröfur um greiðslu málsvarnarkostnaðar sem þegar eru komnar fram eða koma síðar fram vegna háttsemi sem átti sér stað fyrir umrædda breytingu. Um slíkar kröfur gilda þær reglur sem í gildi voru þegar reglunum var breytt. Framangreint á þó ekki við í því tilviki þegar engir fjármunir standa eftir í málsvarnarsjóði enda takmarkast réttur samkvæmt þessu ákvæði við fjármuni sjóðsins á hverjum tíma.

#### *7. gr. Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi við samþykki hluthafafundar og skal um upphaf réttar til greiðslu samkvæmt reglunum miða við 2. ml. 2. mgr. 5. gr. regnanna, þ.e. þá stjórnarmenn og starfsmenn sem starfa í þágu sjóðsins við gildistöku eða störfuðu fyrir félagið á sl. sjö almannaksárum fyrir upphaflega setningu reglna þessara.

### **Ákvæði í ráðningasamninga framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna**

„Starfsmaður á rétt til greiðslu málsvarnarkostnaðar vegna mála sem beint er að honum vegna starfa í þágu félagsins í samræmi við ákvæði samþykktá félagsins og sérstakra reglna um málsvarnarsjóð eins og þau eru á hverjum tíma. Starfsmaður hefur fengið afrit af þessum ákvæðum“.